

Byggingar- og skipulagsskilmálar fyrir frístundabyggð í landi Miðengi, Grímsnes og Grafningshreppi.

Frístundabyggð þessi er í samræmi við staðfest aðalskipulag

Grafnings- og Grímsneshrepps 2002-2014

Landið er um 62 ha. að stærð og er gróð og gróft hraun.

Lóðirnar eru í um 70 m yfir sjávarmáli.

Aðkoman að frístundabyggðinni er frá Miðengisvegi sem liggur

hjá Álfakirkju.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 56 lóðum, undir frístundabyggð.

Lóðirnar eru frá 5.500 fm. til 12.100 fm. að stærð.

Lóðirnar munu tengjast kalda vatnsveitu hreppsins. Leiðslur eru lagðar

meðfram vegum.

Brunavarnir eru frá Selfossi.

Gert er ráð fyrir einni heildargirðingu um svæðið. Óheimilt er að girða af

hverja lóð fyrir sig.

Gert er ráð fyrir roðþró við hvert hús, þó aldrei minna en 10 m innan

lóðamarka. Stærð og staðsetning roðþróa er háð samþykki

heilbrigðisfulltrúa Suðurlands.

Gámur er í landi Snæfoksstaða. Grímsneshreppur annast tæmingu hans.

Sumarhúsin skulu vera innan byggingarreits og staðsett í samráði við

byggingarfulltrúa og byggingarnefnd Grímsnes og Grafningshrepps.

Sumarbústaðirnir skulu gerðir úr timbri.

Þeir skulu ekki vera stærri en 150 fm.

Mænishæð frá jörðu skal ekki vera meir en 5 m.

Þakhalli má vera á bilinu 14-60 gráður.

Á lóðunum er heimilt að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús,

þó ekki stærri en 25 fm.

Húsnúmer eru sýnd á uppdrætti.

Byggingarreitir eru sýndir á uppdrætti. Aðeins er heimilt að

reisa eitt hús ásamt útihúsi innan hvers byggingarreits.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð

skv. 25 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997

var samþykkt í sveitarstjórn þann.....

MIÐBORGIR Í LANDI MIÐENGIS, GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI


LÓÐIR UNDIR FRÍSTUNDABYGGÐ

DEILISKIPULAG

September 2003

Mkv. 1:2000

Meðhöndlað af



Aðalskipulag Grímsnes og Grafningshrepps 2002 - 2014, mkv. 1:50.000

PÉTUR H. JÓNSSON SKIPULAGSFR. ARKITEKT F.Á.Í.

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 28, 101 REYKJAVÍK

SÍMÍ: 562-4140 FAX: 562-6123